

Nd.

254. Breytingartillögur

við frv. til l. um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Við 6. gr. Aftan við 3. málgr. greinarinnar bætist: að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landssambands útvegsmanna.
2. Við 9. gr. Aftan við greinina kemur ný málgr., svo hljóðandi:
Frá 1. janúar 1947 og þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum skal verðlagsuppbót á launa- og kaupgreiðslur allar ekki vera hærri en svo, að miðað sé við vísitölu kauplagsnefndar fyrir desembermánuð 1946, en ef vísitalan lækkar meðan þetta ákvæði er í gildi, skal verðlagsuppbót lækka að sama skapi.